

## Samþykkt fyrir fjölmeningarráð Hafnarfjarðar

### Umboð

#### 1. gr.

Fjölmeningarráð Hafnarfjarðar starfar í umboði fjölskylduráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

### Verksvið

#### 2. gr.

Fjölmeningarráðið skal vera bæjarstjórn og nefndum og ráðum Hafnarfjarðarkaupstaðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru innflytjendur. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Hafnarfjarðarkaupstaðar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til bæjarráðs sem varðar verksvið þess. Ráðið skal leitast við að tengja saman fjölmeningarleg samfélög í Hafnarfirði, byggja brýr á milli Íslendinga og innflytjenda, koma málefnum innflytjenda á framfæri og stuðla að friðsamlegu fjölmeningarlegu samfélagi.

### Hlutverk

#### 3. gr.

Fjölmeningarráðið er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru innflytjendur, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Fjölmeningarráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Hafnarfjarðarkaupstaðar í málaflokknum og stuðlar að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarstofnana til bæjarbúa sem eru innflytjendur.

### Skipan

#### 4. gr.

Fjölmeningarráðið er skipað 5 fulltrúum sem eru búsettir í Hafnarfirði og jafnmörgum til vara. Fjölskylduráð kys tvo fulltrúa og tvo til vara, tveir fulltrúar eru skipaðir af félagasamtökum sem starfa að málefnum innflytjenda og tveir til vara. Einn fulltrúi af erlendum uppruna er tilnefndur úr hópi starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Fjölmeningarráðið sjálf kys sér formann, varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Þá getur fjölmeningarráð tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt. Fjölmeningarráðið getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna fjölskylduráði.

### Verkstjórn og verkaskipting

#### 5. gr.

Formaður ráðsins er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Fjölmeningarráð er vistað hjá fjölskyldu- og barnamálasviði. Verkefnastjóri fjölmeningar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu þess.

#### *Boðun funda og fundarsköp*

6. gr.

Fjölmeningarráðið skal að jafnaði halda fund einu sinni í mánuði auk opins fundar árlega með bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hagsmunaaðilum. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi að sumarlagi.

Formaður fjölmeningarráðsins boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við verkefnastjóra fjölmeningar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun funda og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á.

Verkefnastjóri fjölmeningar skal sitja fundi fjölmeningarráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

#### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

7. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Hafnarfjarðarkaupstaður útvegar fundaraðstöðu og fartölvu til þess að rita fundargerðir.

Fjölmeningarráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til fjölskyldu- og barnamálasviðs jafnóðum. Fjölskyldu- og barnamálasvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið.

#### *Málsmeðferð*

8. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Samþykkt í bæjarstjórn

Click or tap to enter a date.

## Erindisbréf Fjölmeningarráðs Hafnarfjarðar

### Hlutverk ráðsins

Fjölmeningarráð Hafnarfjarðar er bæjar- og fjölskylduráði til ráðgjafar í málefnum innflytjenda. Jafnframt er Fjölmeningarráð öðrum ráðum og stofnunum Hafnarfjarðarkaupstaðar til ráðgjafar í málefnum innflytjenda.

Fjölmeningarráðið er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru innflytjendur, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Fjölmeningarráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Hafnarfjarðarkaupstaðar í málafloknum og stuðlar að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarstofnana til bæjarbúa sem eru innflytjendur.

Fjölmeningarráð aðstoðar fjölskylduráð við undirbúning viðburða tengdum fjölmenningu t.a.m. fjölmeningarþings og að auka sýnileika innflytjenda í öðrum viðburðum sem haldnir eru í bæjarfélaginu.

### Starfstími ráðsins

- Fjölmeningarráð er skipað í byrjun hvers kjörtímabils.
- Fjölmeningarráð er skipað fimm fulltrúum. Ráðið skiptir á milli sér verkum á fyrsta fundi.

### Fyrirkomulag

- Ráðið heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði, heimilt er að fella niður fundi yfir sumartímann. Hafnarfjarðarkaupstaður útvegar fundaraðstöðu og fartölvu til þess að rita fundargerðir. Ráðið getur haldið fundi opna almenningi, eftir því sem við á.
- Fundi ráðsins situr verkefnastjóri fjölmenningar
- Greitt er fyrir setu í ráðinu eftir reglum bæjarráðs og fulltrúar munu njóta fræðslu og stuðnings, þ.m.t. túlkþjónustu eftir því sem þörf er á og þjálfun í fundarsköpum.

### Ábyrgð

Fjölmeningarráð Hafnarfjarðar starfar á ábyrgð fjölskylduráðs.